

Menntabúðir 22.03.2017

Miðvikudaginn 22. mars kl. 16:15-18:15 verða haldnar menntabúðir í Hólabrekkuskóla, Suðurhólum 10, 111 Reykjavík.

Pátttaka er ókeypis og fer skráning fram á eftirfarandi slóð:
<https://goo.gl/forms/UB9nTJP9UP3PXNzs1>

Menntabúðir (e. EduCamp) er starfsþróun á jafningjagrundvelli. Aðferðin byggir á óformlegri jafningjafræðslu sem stuðlar að aukinni umræðu á milli skólastiga sem og eflingu tengslanets kennara. Pátttakendur miðla af eigin reynslu og þekkingu og afla sér fróðleiks frá öðrum. Menntabúðir eru ætlaðar starfandi kennurum á öllum skólastigum sem og kennaranemum (sjá myndskleið neðst á síðunni).

Þema menntabúðanna er „**BETT sýningin og hagnýt UT-verkfæri**“. Við hvetjum bæði þá sem fóru á BETT og þá sem ekki komust til að mæta, deila og læra.

Pátttakendur geta mætt með umfjöllunarefni sem þeir brenna fyrir eða hafa áhuga á, en einng hefur verið vinsælt að koma með „vandamál“ og fá aðstoð við að leysa það.

Pátttakendur eru beðnir um að koma með framlag í búðirnar. Framlög geta verið margbreytileg, t.d. að segja frá kennsluhugmynd, vefsíðu, forriti, smáforriti, námskrárvinnu, varpa fram spurningu eða koma með eitthvað málefni sem þarfnast lausnar. Pátttaka er ókeypis en gert er ráð fyrir virkri þátttöku. [#menntabudir](#) [#menntastefna](#)

Sjá Smore auglýsingu viðburðarins: <https://www.smore.com/5tduu>

Dagskráin er að skýrast:

1. Code & Go Robot Mouse Activity
2. Google Chromebook tölvur
3. Pi top vél og kennsluefni frá Kóder
4. Breakout Edu leik

5. Ýmislegt Maker UT-dót til að prófa
6. OSMO kynning fyrir leikskóla
7. OSMO kynning fyrir grunnskóla
8. 3D prentari

Svo bætast alltaf við fleiri kynningar á staðnum.

Samstarfsaðilar: Upplýsingatæknitorg, Hólabrekkuskóli, Skóla-
og frístundasvið Reykjavíkurborgar